

Firsti fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 14. Janúar 2016 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Gísli Guðmundsson og Halldór Jónsson.

Katrín ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Umsögn vegna rekstrarleyfis gististaðar í flokki II, sumarhús, að Söðulsholti. **Samþykkt án athugasemda.**
2. Skólamál.
Stefna hreppsnefndar í skólamálum;
Eyja og Miklaholtshreppur hefur rekið, með góðum árangri, skóla síðan í byrjun árs 2010 einn og þar áður í samstarfi við önnur sveitarfélög. Í minni skólum gefst tækifæri á að hlúa að einstaklingunum, láta þá blómstra og dafna. Ekki er annað fyrirhugað af hreppsnefnd en að halda skólastarfi áfram í Laugargerðisskóla. Mikilvægt er hins vegar að þróa samstarf við aðra skóla með það að markmiði að grunnskóli verði starfræktur á sunnanverðu Snæfellsnesi og unnið verði að þróun á því. Oddviti, skólastjóri og fræðslunefnd munu setja af stað nokkra hluti í þróun Laugargerðisskóla með það að markmiði að grunnskóli verði á sunnanverðu Snæfellsnesi.
Samþykkt samhljóða.
3. Verkefnið Betra ljós, ljósleiðaraverkefni sveitarfélagsins. **Oddviti fór yfir stöðuna og farið var yfir reglurnar og gerðar voru smávægilegar breytingar. Gjaldskrá vegna ljósleiðara samþykkt samhljóða.**
4. Beiðni um styrk til tækjakaupa frá Fjölbrautaskóla Vesturlands að upphæð kr. 15.000,- **samþykkt samhljóða.**

Mál í vinnslu.

5. Breiðablik. **Farið yfir stöðuna varðandi upplýsingarmiðstöð, verður áfram í vinnslu.**

Lagt fram til kynningar:

6. Bréf frá Sorpurðun Vesturlands og varðar hækkun á gjaldskrá.
7. Fundargerð skóla og fræðslunefndar frá 30. September 2015
8. Fundargerð stjórnar Norska hússins 13. Janúar 2016.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)
Halldór Jónsson (sign)
Gísli Guðmundsson (sign)
Atli Sveinn Svansson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)